



Kennarar áfangans:

Bryndís Guðjónsdóttir, Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir

Áfangalýsing:

- Nemendur lesa eina skáldsögu og smásögu og vinna verkefni tengd þeim. Þeir skrifa smásögu í ferlisritun. Þeir læra bragfræði og lesa ljóð. Þeir þjálfast í lestri, ritun og framsögn.
- **Ritun:** Nemendur vinna skrifleg verkefni og þjálfast í að semja innihaldsríkar málsgreinar. Hugað verður að byggingu efnisgreina.
- **Lestur:** Nemendur lesa eina skáldsögu, að minnsta kosti eina smásögu og nokkur ljóð.
- **Málnotkun:** Nemendur þjálfast í að beita tungumálinu með því að fjalla um bókmenntir og að mynda sér skoðun á þeim. Þeir þurfa að vinna skrifleg verkefni.
- **Framsögn:** Nemendur þjálfast í að tjá sig.

Markmið áfangans:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnhugtökum í ritgerðasmíð
- helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli
- mismunandi lestraraðferðum
- nokkrum tegundum bókmennta og nytjatexta
- helstu hugtökum sem nýtast við umfjöllun um bókmenntir

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa ýmsar tegundir nytjatexta í samfelldu máli þar sem framsetning er skýr og skipulögð
- nota leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að lagfæra eigin texta
- nýta algengustu hugtök í málfræði til að bæta eigin málfærni
- beita mismunandi blæbrigðum og málsniði í tal- og ritmáli
- taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni
- lesa sér til gagns og gamans texta sem gera nokkrar kröfur til lesenda
- skilja algengt líkingamál og orðatiltæki

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- semja stutta texta af ýmsu tagi með viðeigandi málvari
- beita einföldum blæbrigðum í málnotkun til að forðast einhæfni og endurtekningar
- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir eða skoðanir á málefnalegan hátt
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar textum
- sýna þroskaða siðferðisvitund og víðsýni í málflutningi sínum, umfjöllunum og verkum

Kennslubækur og kennslugögn:

- Indjáninn, skáldsaga eftir Jón Gnarr
- Efni frá kennara

Vinnubrögð og verkefnaskil:

Vinna nemenda fer fram bæði í tímum og heima. Gert er ráð fyrir að u.þ.b. helmingur námsins geti farið fram í tímum. Allur lestur fer fram heima og sá hluti verkefna sem út af stendur í tímum.

Nemendur skila verkefnum inn á Moodle og því er nauðsynlegt að allir nemendur hafi tölvu til umráða. Fjölbreytt leiðsögn og námsmat er nýtt til að hjálpa nemendum að átta sig á stöðu sinni.

Mikilvægt er að skila öllum verkefnum og möppum á tilsettum tíma. Verkefnum og möppum sem skilað er eftir að kennari skilar þeim til nemenda eða Moodle mappan lokast verða ekki metin til einkunnar.

Brýnt er að nemendur ástundi góð vinnubrögð og sinni náminu jafnt og þétt alla önnina til að viðhlítandi árangur náist. **Notkun síma í tímum er háð sérstöku leyfi kennara.**

Námsmat:

ÁFANGINN ER LOKAPRÓFSLAUS en nemandi þarf að ná að lágmarki 5 í annareinkunn til að standast áfangann og hafa skilað verkefnum. Námsmat samanstendur af fjölbreyttum verkefnum og prófum og tekur mið af markmiðum annarinnar.

- **Bókmenntir, verkefni (munnleg og skrifleg) og próf 50%**
 - Indjáninn
 - Ljóð
 - Smásaga
- **Ritun 40%**
 - Ýmsar æfingar
 - Ferlisritun

- Ritgerð

Stafsetning 10%

- Ýmsar æfingar
- Könnun

F.Su. 18. ágúst 2017

Gert með fyrirvara um breytingar og ósk um gott samstarf.

Bryndís Guðjónsdóttir bryndisg007@gmail.com

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir gudbjorgdora@gmail.com